

Handverkið er hægt að læra, en ekki listina sjálfa

— hún er mystík

Þegar „nýja málverkið“ stökk eins og Apena fullsköpuð úr höfði Seifs inn í íslenskan menningarheim kringum 1980 var Daði Guðbjörnsson undireins einna fremstur í flokki ungu mannanna — og er enn. Hann hefur verið


iðinn við kolann og sýnt býsna oft, ýmist einn eða með öðrum, og nú 19. mars opnar hann einkasýningu í Gallerí Borg við Austurvöll.

„Ég held,“ segir Daði, „að þessi sýning sé nokkuð rökrétt framhald af síðustu einkasýningu minni, sem ég hélt fyrir tveimur árum, einnig í Gallerí Borg. Að vísu héldum við Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn G. Harðarson stóra samsýningu á Kjarvalsstöðum í fyrra, sem annars staðar hefði sjálfsagt verið talin þrjár einkasýningar, en það sem ég sýndi þar var kannski ekki mjög dæmigert fyrir það sem ég var að fást við akkúrat um þær myndir. Ég sýndi töluvert af eldri verkum, fáein þeirra voru meira að segja allt frá árinu 1974 eða áður en ég fór að læra eitthvað að ráði. Sýningin núna er sem sagt í betri tengslum við það, sem ég hef verið að dunda upp á síðkastið, það má segja að ég sé að þróa áfram þessar krullur sem ég hef verið að vinna með undanfarin misseri. Ég er svona að gera tilraunir með liti og pensilskrift. Ekki dugir að láta saka sig um stöðnun! Reyndar finnst mér þessar krullur í sumum myndanna vera farnar að minna á skúlptúra...“

En hvaða krullur eru þetta?

„Ég hugsa,“ segir Daði og glottir ofurlítið, „að þetta séu þær sálarflækjur sem maðurinn þarf að glíma við í nútímasamfélagi. Það sem ég geri er að leysa þær upp í frumformin, þríhyrninga, ferhyrninga og hringa. Þannig fá þær eitthvert skynsemis-yfirbragð en eru samt sem áður sömu flækjurnar fyrir það. Annars ganga myndirnar mínar bara út á það sama og önnur myndlist — það er að segja að menn geti horft á þær og orðið fyrir einhvers konar

Illugi Jökulsson ræðir við Daða Guðbjörnsson, sem heldur um þessar myndir einkasýningu í Gallerí Borg



Daði Guðbjörnsson: „Hallast að því að mikil vinna sé eina leiðin til þess að ná árangri, Lífum bara á rithöfund eins og Halldór Laxness - eða þá Guðberg Bergsson - sem aldrei fellur verk úr hendi.“

upplifun. Ég er ekki kominn til með að segja hver sú upplifun á að vera.“

En hvaða upplifun verður þú sjálfur fyrir þegar þú horfir á fullgerða mynd eftir sjálfan þig?

„Veistu, það fer alveg eftir því hvað hún er nálægt mér í tíma. Maður hefur náttúrulega best samband við þær myndir, sem maður er nýbúinn með, en svo rofnar það smátt og smátt. Samlíkingin milli listaverka og barnanna manns er margtuggin klisja; ég vil heldur líkja þessu við vináttu. Á vissu skeiði ævinnar á maður samleið með tilteknu fólki en seinna meir hefur maður ekkert til þess að sækja. Sumar af eldri myndunum mínum segja mér ekki mikið en auðvitað hlýt ég alltaf að trú á það sem ég hef verið að gera. Annars segir Hörður Agustsson listmálari að við ungu mennirnir — Helgi Þorgils, Tumi Magnússon, ég og nokkrir fleiri — séum terroristar í myndlist; terroristar eða hrekkljusvín og það er eflaust eitthvað til í því, sérstaklega hjá Helga!“

SAKAÐUR UM AÐ HAFI SVIKIÐ HUGSJÓNINA

Eigum við að fara í flokkunarleik? Undir hvað viltu flokka myndirnar þínar, fyrir utan terrorisma? Eiga þær til að mynda eitthvar skylt við abstraktlist?

„Nei,“ afdráttarlaust. „Og þó. Það er kannski í þeim einhver vottur af abstrakt-hugsun — abstrakt í bland við sýmbólisma. Gallinn er bara sá að kringum bæði abstraktið og sýmbólisma voru reist heil trúarbrögð og af þeim vil ég ekkert vita. Mér finnst ég vera miklu skyldari sýmbólisma á borð við André Masson. Nú — það er búið að þvæla mikið um nýja málverkið, en ég er vitanlega hluti af því. Reyndar málaði ég mikið af abstraktverkum áður en ég fór í Myndlista- og handiðaskólann '76; þetta voru svona lýrisk abstraktverk. En



Fiskur, 1986. Blönduð tækni.

svo byrjaði ég í nýlistadeildinni og þar voru menn svo gáfaðir að þeir gátu farið að hugsa upp á nýtt! Svo þegar ég hafði útskrifast og fór að sýna upp úr 1980 þá var ég stundum sakaður um það af gömlum félögum mínum í nýlistadeildinni að ég hefði svikið hugsjónina. Satt að segja lét ég mér það í léttu rúmi liggja því ég vissi aldrei hver þessi hugsjón var!“

Þú varst í nýlistadeildinni á miklum umrótstímum — þegar konseptlistin reis hæst og listamenn unnu helst með performansa og ljósmyndir en snertu varla á pensli. Hvaða gildi finnst þér núna að þessi deild hafi haft fyrir þig og þína líka?

„Mjög mikið, ég er sannfærður um að hún hafi algerlega skipt sköpum. Það, sem helst situr eftir í manni úr nýlistadeildinni, er viss hugsun eða aðferð við að finna samræmi milli eigin skoðana annars vegar og myndverksins hins vegar. Að öðru leyti er ekki gott að dæma um áhrifin sem maður verður fyrir. Allar listastefnur hljóta óhjákvæmilega að ala af sér andstæðu sína — maður sér það bara ef maður rennir í gegnum listasöguna — og svo blandast ólíkar stefnur, verða að nýrri stefnu og fram kemur andstæða hennar. Vandinn er að maður sér aldrei almennilega hvað er að gerast í samtímanum. Þegar ég var í nýlistadeildinni var ég oftast nær talinn tilheyra einhverju fluxus-vesni, bara af því að ég féll ekki inn í mynstur konseptins. Eftir á sér maður að í nýlistadeildinni skaut það róttum, sem síðan hefur verið að spretta upp, en stærsti kosturinn við deildina var kannski sá að þar var manni kennt að vinna eins og sjálfstæður listamaður. Ég var líka heppinn að því leyti að ég fór ekki út strax eftir námið hér heima — ég fór ekki út fyrr en '83 og þá á skóla sem lítur ekki á sig sem skóla — það er að segja Ríkisakademíuna í Amsterdam. Ég slapp þess vegna við „framhaldsnám erlendis“ í hefðbundnum skilningi, þó ég mæli eindregið með því að upprennandi listamenn fari út að mennta sig.“

NÝLISTADEILDIN VAR ÞERAPÍA OG MENNINGARLEGT FYLLERI

Hvers vegna valdir þú nýlistadeildina á sínum tíma?

„Það var kannski eins og hver önnur tilviljun. Maður vissi lítið hvað þar var á ferðinni og hið óþekkt er alltaf spennandi. Svo reyndist þetta vera eins konar sambland af þerapíu og hvað skal segja? — Menningarlegu fylleri. Þarna kenndu menn eins og Guðberg Bergsson, Hreinn Friðfinnsson, Dieter Rot, Hermann Nitsch og lögðu margt og merkilegt til málanna — fyrir utan myndlistina sjálfa þar sem Magnús Pálsson

stjórnaði fyllerínu með harðri hendi. Ég var svo heppinn að ég var frekar fljótur að ná mér á strík tæknilega enda hafði ég fengið góða þjálfun áður en ég byrjaði í deildinni. Ég var svona 15 ára þegar ég byrjaði á því að teikna og mála — ég vil ekki kalla það myndlist — og síðan fór ég að læra móteld-teikningu í Myndlistaskóla Reykjavíkur, aðallega hjá Hring Jóhannessyni. Svo byrjaði ég að læra húsgagnasmíði tæplega tvítugur og lauk því námi eftir fjögur ár. Ég hafði mjög gott af þessu því ég hafði verið hálfgerður klaufi í handverki en fékk þarna þjálfun sem dugði. Hitt er svo annað mál að handverkið er hægt að læra en ekki listina sjálfa — hún er mystík...“

Nú eruð þið ungu mennirnir stundum sakaðir um að hlaupa á eftir tískubólum, fyrst konseptinu og nú nýja málverkinu.

„Já, ég hef heyrt þetta og auðvitað er í sumum tilfellum sitthvað til í þessari gagnrýni. En við verðum að athuga það að tiskan í dag er klassík á morgun. Renaisansinn var ekkert annað en tískubylting á sínum tíma og rokkokóid sömuleiðis — þó nú til dags sé í meira lagi erfitt að hugsa sér það sem byltingu! Nú — impressjónisminn var óskapleg bylting á síðustu öld; kannski mesta byltingin í listum til þessa. Tiskan getur þannig verið bæði góð eða slæm, það fer bara eftir því hvernig menn melta hana. Sumir eflast við nýja tíska en aðrir eru étnir upp af henni. Mér heyrir nú að nýja málverkið þyki yfirleitt vera heldur góð tíska.“

EKKERT LEIÐINLEGRA EN NEMANDI SEM HELDUR EKKI AÐ HANN SÉ SÉNI

Heldurðu að það verði talið meiri háttar bylting er fram líða stundir?

„Það hef ég auðvitað ekki hugmynd um, það kemur ekki í ljós fyrr en að vissum tíma liðnum. En það er þó eitt gott, sem nýja málverkið hefur þegar haft í för með sér, það hefur fært listina aftur til venjulegs fólks. Meðan abstraktið og ég tala nú ekki um konseptið réðu ríkjum þá var fólk eiginlega hætt að þora að fara á málverkasýningar; það þurfti að setja sig í svo gáfulegar stellingar. Konseptið var náttúrulega svo til eingöngu fyrir listfræðinga. Það má því segja að við ungu mennirnir höfum fært listina aftur til alþjóðunnar, svo ég taki háttíðlega til orða! Annað mikilvægt atriði er að nýja málverkið hefur leyst einstaklinginn úr læðingi. Þegar konseptið var og hét var mikið um alls konar hópvinna og sameiginleg verkefni. Höfundurinn átti helst ekki að skipta neinu máli — þó innan um konseptlistamennina hafi vissulega verið ágætir egóistar eins og Joseph heitinn Beuys. Nú